



Afstaða Alþingis til útgáfu bráðabirgðalaga 1935. Grein efir Bjarna Benediktsson

Bjarni Benediktsson – Alþingi – Bráðabirðalög – Grein

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-2, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bjarni Benediktsson

Afstafa Álfur Þorláksson

tíh. útgáfu braða-
breyðalaga.

Þegar íhugað er, hversu tíðkanleg
bráðabirgðalög eru hér á landi og hve mikla
þýðingu samsvarandi úrræði hafa haft í öðrum
löndum, svo sem Pýzkalandi á Weimar-tímunum,
þá kynnu sumir að ætla, að erfitt væri fyrir
lyðfrjálsar þjóðir að vera án heimildar til
slíkrar lagasetningar. Reynslan er samt sú,
að hjá helztu lyðræðis þjóðum, svo sem Bretum
og Bandaríkjum, eru ekki til heimildir
fyrir bráðabirgðalögum eða tilsvarandi fyrir-
mælum. Í stað þess að nokkru, tíðkast þar
mjög víðtæk heimildarlög á hættutímum, auk
þess sem þjóðhöfðinginn er samkvæmt eðli
stöðu sinnar talinn hafa leyfi til ákvarðanía,
sem hér mundi krafist lagastoðar til.

Bráðabirgðalög eru þess vegna síður
en svo neitt alls-herjar fyrirbæri í stjórn-
skipun ríkjanna. Um uppruna þeirra hér á landi
er ekki að villast. Íslenzku ákvæðin eru tekin
beint úr dönsku grundvallarlögunum. En þó
að uppruninn sé sá sami, hefur farið hér sem
oftar, að framkvæmdin hefur um sumt orðið harla-
ðlík.

Í 11. gr. 8tjskn, frá 1874 segir svo
um bráðabirgðalög: "Þegar brýna nauðsyn ber til,
getur konungur gefið út bráðabirgðalög milli
Alþinga. Þigi mega slík lög samt koma í bága

við ~~Stjórn~~^{í manverðana}, og ætíð skulu þau lögð fyrir
næsta Alþingi".

á eftir.

Akvæði þetta er þýðing 25. gr.

grundvallarlaganna dönsku frá 1866, og sú
grein er óbreytt tekin eftir 30. gr. Júní-
grundvallarlaganna frá 1849.

Á dönsku hljóðar ~~var~~^{fyrirmæli} svo: "I sær-
deles paatrængende Tilfælde kan Kongen, naar
Rigsdagen ikke er samlet, udstede forelóbige
Love, der dog ikke maa stride mod Grundloven,
og altid bör forelægges den følgende Rigsdag".

Þýðing þessara ákvæða, og síðari
saga þeirra varð með mjög ólíkum hætti á Ís-
landi og í Danmörku. Í Danmörku urðu fyrirmæl-
in um margra ára skeið ein þýðingarmestu af öll-
um ákvæðum grundvallarlaganna, og voru þau eitt
skæðasta vopn Estrup-stjórnarinnar gegn til-
komu þingræðisins þar í landi. Um þetta og
bráðabirgðalög í Danmörku yfirleitt hefur
Jens Himmelstrup ritað ítarlega í bók sinni:
Den provisoriske lov-givning i Danmark, ~~sem~~ ~~en~~
tekin var gild sem doktorsritgerð við Kaup-
mannahafnarháskóla 1948.

Á þessum deiliúrum studdist danska
ríkisstjórnin við meirihluta í Landsþinginu,
en var ætíð í minnihluta í Þjóðþinginu. Þessum
tveim deildum Ríkispingsins kom um langt bil
ekki saman um afgreiðslu fjárlaga, og þar sem
ekki voru fyrir hendi stjórnskipuleg ráð til
að leysa þann ágreining, tók ríkisstjórnin

það úrræði að gefa út bráðabirgðalög ár eftir
og eftir því
ár. Í framhaldi af því sem deilan harðnaði,
voru gefin út bráðabirgðalög um önnur efni
í algjörum blóra við meirihluta Þjóðþingsins.
Með vísun til 48. gr. grundvallarlaganna frá
1866, um fjárlög og einkum fyrirmælisins í 49.gr.,
þar sem segir, að áður en fjárlögin séu "ved-
tagen" megi ekki innheimta skattana, var því
haldið fram, af stjórnarandstæðingum, að slík
útgáfa bráðabirgðafjárlaga væri óheimil. Stjórn-
in skeytti þessum andmælum engu og um önnur
bráðabirgðalög fór hún svo að, að hún lagði
þau fyrst fyrir Landsþingið og létt þau tefjast
þar svo lengi, að þau urðu ekki útrædd og kom-
ust aldrei til Þjóðþingsins. Var þess vegna
ekki færi á að fella þar stjórnarfrumvörpin um
staðfesting bráðabirgðalaganna. Þar sem þau
höfðu ekki verið felld, taldi ríkisstjórnin
bráðabirgðalögin enn í gildi, og var þessi að-
ferð við höfð þing eftir þing svo að bráðabirgða-
lög voru með þessum hætti í gildi árum saman.
Gagn þessu tók meirihluti Þjóðþingsins það til
bragðs, að einhver þingmaður þar flutti frum-
varp um bráðabirgðalögin, sem síðan voru felld
í þeirri þingdeild. Ríkisstjórnin taldi þetta
athæfi Þjóðþingsins ólöglegt og létt lögin
halda gildi sínu, brátt fyrir hana. Með þessu
móti var Danmörku stjórnæld árum saman, og, að
svo miklu leyti, sem til kasta hæstaréttar kom,
fókk stjórnin stuðning hans.

Þessarar deilu er getið hér vegna þeirra áhrifa, sem hún hafði á stjórnarskrárfyrirmæli í Danmörku og á Íslandi og framkvæmd þess í Danmörku. Í Danmörku leiddi af deilunni, að ríkisstjórnin hliðraði sér eftir það hjá að nota heimildina til útgáfu bráðabirgðalaga. Og þó að segja megi, að misnotkun ~~grundvallar~~bráðabirgðalaga hafi fyrir löngu verið úr sögunni, þegar hafin var undirbúningur setninga nýrra grundvallarlaga, þeirra, er staðfest voru 1915, var með þeim settur varnarður til að gírða fyrir sams konar misnotkun og áður tíðkaðist. Í 25. gr. þeirra segir svo: "I særdeles paatrængende Tilfælde kan Kongen, naar Rigsdagen ikke er samlet, udstede foreløbige Love, der dog ikke maa stride mod Grundloven og altid straks efter den følgende Rrigsdags Sammentræden skal forelægges denne uden hvis Bekræftelse Loven bortfalder. Foreløbige Love behandles først i Folketinget". Um fjárlög er berum orðum tekið fram í 48. gr.: "Forinden Finansloven eller en midlertidig Bevillingslov er vedtaget af Rigsdagen maa Skattene ej opkræves".

~~Þó~~ leyfir sér ~~þekki~~, að það er hið danska fordæmi, sem gerir að verkum hér á landi, að í stjskpl. frá 1915 er í 6. gr. kveðið svo á um bráðabirgðalög: "Pegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur gefið út bráða-

birgðalög milli Alþinga. Þigi mega þó slík lög ríða í bág við ~~Stjskr~~^{þá meðan}, og ætíð skulu þau lögð fyrir næsta Alþingi á eftir. Samþykki Alþingi þau ekki áður en þingi slítur falla þau úr gildi. Bráðabirgðafjárlög má eigi gefa út, ef fjárlög fyrir fjárhagstímabilið eru samþykkt af Alþingi".

Orðalagi ákvæðisins var lítillega breytt í ~~Stjskr.~~ frá 1920, en efnið er alveg hið sama, því að 23. gr. hennar hljóðar svo: "Pegar brýn nauðsyn ber til getur konungur gefið út bráðabirgðalög milli þinga. Ekki mega þau þó ríða í bág við ~~Stjskr~~^{þá meðan}. Ætíð skulu þau lögð fyrir næsta Alþingi á eftir.

Nú samþykkir Alþingi ekki bráðabirgðalög, og falla þau þá úr gildi.

Bráðabirgðalög má eigi gefa út, ef fjárlög fyrir fjárhagstímabilið eru samþykkt af Alþingi".

Lýðveldisstjórnarskráin frá 1944 heldur ákv. alveg óbreytt að efni í 28. gr., að því einu undanteknu, sem sjálfsgagt er, að nú kemur forseti í stað konungs.

Svo sem ~~þótt~~^{en hörðu verður} af því, er síðar segir, voru breytingarnar, sem á urðu í stjskpl. 1915, ekki gerðar af íslenzku tilefni, heldur var þar einungis stefnt að því að hindra því líka misnotkun, sem orðið hafði í Danmörku. Annað mál er það, að ákv. um þann gegn bráðabirgða-

fjárlögum nær ekki þeim tilgangi, því að í Danmörku var vandinn einmitt sá, að deildir Ríkisþingsins komu sér ekki saman um fjárlög svo að ekkert fjárlagafrv. var samþykkt af þinginu í heild.

Sams konar bann gagn innheimtu skatta, ef fjárl. eru ekki samþykkt og er í Danmörku, hefur og aldrei verið á Íslandi. Er augljóst, að hinna ólíku aðstæðna hefur ekki verið gætt sem skyldi, þegar þetta ákvæði var sett.

Skal þá útrætt um stjskr.ákv. sjálft og aðdraganda þess, en snúið sér nokkuð að beitingu þess hér á landi.

Fyrstu bráðabirgðalögin, sem gefin voru út fyrir Ísland voru sett 21. febr. 1877, og allan bann tíma, sem danskur ráðherra fór með málefni Íslands skv. stjskr. 1874 voru gefin út 8 bráðabirgðalög. Íslenzkur ráðherra meðundirritaði fyrstu bráðabirgðalögin 4. marz 1904 og þau næstu ekki fyrr en 10 árum síðar eða 2. marz 1914. Að fjörutíu ára bili frá 1874 fram að ófriðarþyrjun voru því aðeins gefin út 10 bráðabirgðalög.

Þá verður skjót breyting á. Meðan á sjálfu striðinu 1914 -'18 stóð voru gefin út 18 bráðabirgðalög, hin fyrstu þeirra 5. okt. 1914. Frá striðslokum í nóv. 1918 til ársloka 1921 eru gefin út 12 bráðabirgðalög.

Eftir það koma aftur rólegri tímar. Á árinum 1922 -'30 eru hvert ár aldrei gefin

út nema ein bráðabirgðalög og 1925, 1926, 1927 og 1929 engin. Þá fer óvissa tímanna aftur að segja til sín. Árin 1931 1933 eru hvert árið gefin út 2,3 og 1 bráðabirgðalög.

Orðinn vex þó fyrst að mun 1934, því að það eina ár voru gefin út 12 bráðabirgðalög, 1935 aðeins 4, en 1936 13. Árin 1937 og 1938 verður aftur hægara um, því að þá eru 3 bráðabirgðalög fyrra árið en 4 hið síðara.

Með aðdraganda heimsstyrjaldarinnar síðari 1939 skellur ný flöðalda yfir. Árið 1939 verða bráðabirgðalögin 10, 1940 verða þau 15, 1941 12 og 1942 10.

Utanþingsstjórnin, sem ekki hafði stuðning meirihluta Alþingis, fer hins vegar sýnu varlegar að, því að á valdaárum hennar 1943 og 1944 eru fyrra árið aðeins gefin út 2 bráðabirgðalög og 3 hið síðara.

Pegar þingræðisstjórn tekur við á ný, magnast enn útgáfa bráðabirgðalaga, því að á árunum 1945 - '52 eru þau fæst 7 á ári en flest 12. Árið 1953 fækkar þeim ofan í 5 og það sem af er 1954 eru þau aðeins 4.

Yfirlit þetta sýnir, að breytileiki tímanna hefur furðanlega beint verkað á það, hversu oft menn hafa talið sig þurfa að grípa til bráðabirgðalaga. Einkum verður það auðsætt, þegar haft er í huga, að hin síðari ár sitja

þing miklu lengur en áður gerðist og fram til 1911 kom þing oftast ekki saman nema annað - hvort ár. Hefði því mætt ætla, að af þeim sökum væri mun ríkari ástæða til útgáfu bráðabirgðalaga þá en nú, ekki sízt meðan stjórnin sat í öðru landi, þó að raun- in hafi sem sagt orðið allt önnur.

Fjöldi bráðabirgðalaga hér á landi verður því eftirtektarverðari, þegar athugað er, að skv. fyrr tilvitnuðu riti Himmelstrups í Danmörku [hafa] aðeins verið gefin út skv. grundvallarl. frá 1915 9 bráðabirgðalög fram til ársins 1948. Þar af voru 5 gefin út á millistríðsárunum 1918 - 1939 og 4 beinlínis vegna frelsistökunnar 1945.

Hin ólíka framkvæmd á stj.skr. heimildinni á Íslandi og Danmörku sýnir óvenju ljós-
lega hvernig misbeiting heimildar getur leitt til þess, að nánast verði hætt að nota hana,
þar sem hiklaus notkun hennar fer vaxandi, ef aldrei er um alvarlega misbeitingu að ræða.

Óttaleysi þingsins við það, að þess-
ari heimild sé beitt, kemur ^{m.a.} þórum glögglega inkjós : því
núburí, að nokkur dæmi eru þess, að þingið eða
önnur deild þess gerin með beinni ályktun ráð
fyrir, að bráðabirgðalög kunni að verða gefin
út um tiltekið efni eða að það sé æskilegt, því tili
sbr. bál., sem samþykkt var á Alþingi 1914
með 36 atkv. gegn 3, þar sem segir, að Al-
þingi vænti bess, að landsstjórnin geri

ráðstafanir til þess með bráðabirgðalögum, að sjá landinu fyrir nægilegum gjaldmiðli, (Alþt. 1914 A 845, B I 59 - 80), og voru brbl. nr. 59 30 nóv. 1914 gefin út í samræmi við þetta, (Alþt. 1915 B III 686 - 732, B II 269 - 271).

Á sama veg kemur fram, að brbl. nr. 3 15. apríl 1920 eru sprottin af rökst. dsk., sem samþykkt var seint á þinginu næsta á undan, þar sem segir m.a., að "stjórnin geti síðar útvegað sér með brbl. heimild" slíka, sem um var að ræða. (Alþt. 1921 A. 539). Hið sama er um brbl. nr. 56 21. nóv 1923, að þau eru sett í samræmi við slíka rökst. dsk. (Alþt. 1924 C 911). Loks var svipuð rökst. dsk. samþykkt 1954 um höfundarétt. Brbl. nr. 45 2. okt. 1922 eru og í samræmi við þá. frá þingu 1922 um að gera þær ráðstafanir, sem frv. fjallaði um "hið bráðasta"/og á næsta þingi á eftir var beinlinis að því fundið, að dregist hefði að gefa bráðabirgðalögin út (Alþt. 1923 B. 1207 - 1210). Enn gefur það nokkra hugmynd um afstöðu þingmanna til bráðabirgðalaga, að þingmaður, sem er í harðri stjórnarandstöðu, segir um brbl. nr. 52 26. sept. 1934, að betra sé að gefa út slík brbl, þegar efni sé til, en hafa almenna heimild (Alþt. 1934 B. 767).

Auðvitað hefur öðru hvoru orðið ágreiningur um það, þegar bráðabirgðalög hafa verið gefin út. Enda hafa þau oft fjallað um hin mestu deilumál, sem þá hafa verið uppi, en um öll þessi meiri háttar mál gildir það, að bráðabirgðalögin

eru samþykkt af Alþingi. T.d. um það má nefna þessi brbl.: Brbl. nr. 17 29. sept. 1915 og brbl. nr. 1 18. maí 1916 um aukningu seðlaútgáfu Íslandsbanka (Alþt. 1916 -'17 B II.16 - 45, B III. 2⁴ - 39). Brbl. nr. 8⁴ 9. des. 1931 um skiftameðferð á búi Síldareinkasölu Íslands (Alþt. 1932 B 1106 - 1228). Brbl. nr. 49 10. sept. 1934 um meðferð og sölu mjólkur o.fl. (Alþt. 1934 B 1470 - 1666). Brbl. 8. júlí 1936 um leigunám mjólkurstöðvar (Alþt. 1937 B. 140 - 205). Brbl. nr. 5⁴ 12 maí 1936 um stjórn síldarverksmiðja ríkisins (Alþt. 1937 B 76 - 109). Brbl. nr. 15 27. maí 1939 um breytingar á verkamannabústaðalögnum. (Alþt. 1939 B. 267 - 317). Brbl. nr. 5 29. jan. 1941 um breytingar á hegningarl. til verndar gegn háttsemi, skaðlegri íslenzkum hagsmunum (Alþt. 1941 B. 303 - 321). Brbl. nr. 1 8. jan. 1942 um gerðardóm í kaupgjalds- og verðlagsmálum. (Alþt. 1942 B. 123 - 330). Brbl. nr. 79 20. ágúst 1945 um verðlagningu landbúnaðarafurða o.fl. (Búnaðarráð). Alþt. 1945 B. 450 - 593). Brbl. 80 23. ágúst 1945 um togarakaup ríkisins. (Alþt. B. 23 - 76). Brbl. nr. 65 2⁴. maí 1951 um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna (Alþt. 1951 B. 86 - 174).

Sum af þessum málum hafa verið meðal hinna allra-býðingarmestu mála, sem ákvörðun hefur þurft að taka um á þessum árum, og er því

eðlilegt, að sú skoðun hafi komið fram, að réttara hefði verið að láta Alþingi fjalla um þau þegar í upphafi í stað þess að kveða á um þau með bráðabirgðalögum.

Sama aðfinning kemur og stundum fram, þó að menn séu út af fyrir sig ekki andvígir efni bráðabirgðalaganna, sbr. t.d. deilur um bráðabirgðalög nr. 43 14. ágúst 1934 á Alþingi það ár, en þarna var um að ræða breytingu á frambúðarlánskjörum Kreppulánasjóðs (Alþt. 1934 B 1108 - 1127). ^{þá varð stundum á um} ~~Um~~ brbl. nr. 113 12. tilsk. okt. 1936, þar sem breytt er ákv. ~~tsk.~~ 18. febr. 1847 um gjaldfrest á uppboðum veðsettra fasteigna. ~~Um~~ þau er því ~~það~~ haldið fram, að það sé "hrein misbeiting að setja bráðabirgða- lög í tilfellum sem þessum", ~~það er óvanlig~~ komi að brbl. séu sett vegna hæstaréttardóms, sem Landsbankanum líkaði ekki (Alþt. 1937 B. 70).

sagt sé

Sérstaklega er að því fundið, að ríkis- stjórn skuli hafa bundið sig um ábyrgð á lántöku skv. bráðabirgðalögum í umræðum um brbl. nr. 46 12. ágúst 1939 um hitaveitu í Reykjavík (Alþt. 1939 B. 388 - 405), og í sambandi við brbl. nr. 80 23. ágúst 1945 um togarakaup ríkisins, og brbl. nr. 87 13. sept. 1945 um skipakaup ríkisins, að varasamt sé, að stjórnin veiti sjálfri sér láns- heimild (Alþt. 1945 B. 65, 829).

Svipaðar aðfinningar eru gerðar við brbl. nr. 63 30. apríl 1951 um breytingu á Landsbanka-

lögunum, þar sem 20. gr. þeirra er felld niður til bráðabirgða vegna hinna miklu breytinga, sem orðið hafi síðan 1. voru sett árið 1928, emda sé nú unnið að heildar endurskoðun bankalöggjafarinnar. Í tilefni þessa var borin fram svofelld rökst. dsk.: "Par sem deildin álítur útgáfu þeirra brbl., sem þetta frv. á að staðfesta og forsendur þeirra sýna óviðeigandi tilhneigingu af hálfu ríkisstj. til að seilast inn á valdssvið Alþingis og stjórnna landinu með sífelldri útgáfu brbl., ákveður deildin að vísa málinu frá og taka fyrir næsta mál á dsk". Till. þessi var felld með 17 atkv. gegn 5. (Albt. 1951 B. 47 - 53). ^{fræmavændum til allra byggars} Þóllum þessum aðfinningum ^{um} ~~þessum~~ með því, að bráðabirgðalögın eru samþykkt á Alþingi, enda eru athugasemdirnar auðsjáanlega meira bornar fram vegna veðrabrigða stjórnmalanna en af umhyggju um stranga túlkun stjórnarskrárinnar, því að það fer alveg eftir stjórnmála-viðhorfinu hverju sinni, hvaða afstöðu menn taka í þessum efnunum.

^{stundum} ~~stundum tilfellum~~ kemur ^{oy verum orðum:} ~~þann~~, að ^{bær} ~~þær~~ ríkisstjórnin kynnis sér fyrir útgáfu brbl., hvort þau hafi nægt fylgi.

Síldarverksmiðjustjórnar-brbl. 1936 eru t.d. gefin út 12. maí, en þingi hafði verið slitið þann 9. s.m., og er því haldið fram af andstæðingi laganna, að þau atvik, sem færð voru sem ástæða fyrir nauðsyn bráðabirgðalaga, ^{hafi}

raunverulega verið fyrir hendi, á meðan bingi stóð. Þetta er ekki vefengt en bent á, að hin formlegu skilyrði séu fyrir hendi, og auk þess hafi ráðherra tryggt sér nægan þinglegan stuðning við málið. Um mjólkurlögin 1934 er á það bent, að þau hafi verið sett skömmu fyrir þing og eigi ekki að taka gildi að meginnefni til fyrr en löngu eftir að þing sé samankomið, og er því svarað til, að mikinn undirbúning þurfi til gildistökunnar, auk þess sem til þess er vitnað, að meiri-hluti þings hafi samið um framgang málsins við stjórnarmyndun utan þings. Með svipuðum hætti kemur það fram um varnarsamnings-lögin 1951, að yfirgnæfandi meirihluti þingmanna hafi utan - þings fyrir - fram lýst sig þeim samþykkan.

Er ekki um það að villast, að hvarvetna þar, sem mikils hefur þótt viðburfa, hefur ríkisstjórn fyrirfram tryggt sér nægan stuðning þingmanna við brbl. Enda er það föst venja, að áður en ráðherra leggur til við forseta, að bráðabirgðalög séu gefin út, ber hann það undir samráðherra sína, og eru þegar með því skapaðar verulegar líkur fyrir þinglegan stuðningi við bráðabirgðalögin, ef um þingræðisstjórn er að ræða. Á valdatímum sínum fullvissaði utanþingsstjórnin ^{innan} sig fyrir fram, a.m.k. um sum bráðabirgðalögin, er hún létt gefa út, að þau hefðu nægt þingfylgi.

Í þeim örfáu tilfellum, þegar bráðabirgðalög hafa verið felld, fylgja því engar vítur til ríkisstj. fyrir útgáfu þeirra.

Fyrstu bráðabirgðalögin, sem svo er farið með, eru brbl. nr. 8. 4. des. 1916 um útflutningsgjald af söltuðu saltkjöti. Við framsögd málsins telur ráðherra vegna breyttra aðstæðna ekki ástæðu til að leggja þennan toll á, þó að hann að svo komnu vilji ekki taka frv. aftur, heldur vísa því til nefndar. Hún lagði síðan til í samráði við ráðherra, að frv. væri fellt og tollurinn endurgreiddur, og var frv. síðan fellt. (Alþt. 1916 - 17 B. III. 153 - 158 og A. 28).

Brbl. nr. 3 15. apríl 1920 eru og berum orðum felld vegna breyttra aðstæðna frá því að þau voru sett, með stuðningi í rökst. dsk. frá þinginu áður, þó að sumum virtist sem óþarft hefði verið að gefa brbl. út. (Alþt. 1921 A. 539 - 540, C 22 - 114).

Því er að vísu haldið fram, að brbl. nr. 85 6. júlí 1932 gangi í berhögg við lögformlegan vilja Alþingis, af því að sams konar frv. hafi verið fellt á þinginu áður. En fram kemur, að svo hafi farið, aðeins vegna þess, að einn þingmann hafi vantað. Og ráðherra segir berum orðum, að þá í þinglokin hafi stj. borist ^z áskorun frá meiri hluta þingmanna í báðum deildum um að gefa út brbl., annars hefði hún ekki gert það, og þessi aðferð eigi ekki að tíðkast eða vera

almenn. Frv. var síðan fellt (Alþt. 1933 C 1 - 42).

Miklum mun algengara en að brbl. séu felld af Alþingi er það, að þau verði þar óútrædd, og fer þó svo ekki nema um ~~mið~~ miðagt mega sjötta hluta þeirra. Mjög oft þegar málum lýkur þannig, er ótvírætt, að orsökin er sú, að tilefni brbl. er hjá liðið og löginn því efni sínu samkvæmt fallin úr gildi. ^{þessa þannig} Þó ekki næg ástæða til að hafa fyrir því, að samþykkja frv. í báðum deildum þings, fá á því staðfestingu og birta á ný í Stjórnartíðindum (Alþt. 1922 C 549 - 552). Þegar svona standi á, sé frv. aðeins borið fram til að fá álit þingsins um það, hvort ábyrgð skuli komið fram gegn stj., og "ætti það í raun réttri aðeins að ganga til 3. umr. og takast síðan aftur. Hefur líkt staðið á áður og þessari venju verið fylgt". (Alþt. 1923 C 914-915). Of mikið virðist að vísu sagt með því að segja slík frv. tekin aftur, en altítt er, að þau verði óútrædd, og er þá stundum sagt, að réttara sé að samp. þau a.m.k. í annari deildinni, sem eins konar kvittun til stjórnarinnar. (Alþt. 1949 C 104, Alþt. 1950 C 184). Um þetta er þó engin venja, enda það öðru hvoru látið uppi af hálfu ríkisstjórnar, þegar svona stendur á, að málið sé "aðeins formsins vegna lagt fyrir þingið, - þessu máli er lokið og um það þarf ekki frekar að fjalla", (Alþt. 1950 C 183), eða að stjórnin "lætur - þingið um það, hvort það telur

þau vor k.d. um fyrstu
braðubirgðalöggin, sem
þátrædd voru á Alþingi
brbl. nr. 4 16. febr. 1887
um útflutningsáráld af
fiski, lísi o.l.

framlagningu þessa frv. vera til yfirlits
eða samþykktar", (Alpt. 1944 C 330).

Auðvitað sýnist stundum sitt hverj-
um um efni þeirra brbl., sem sóna stendur á
um, ~~síðu~~ t.d., að brbl. nr. 5 17. jan. 1942
Reykjavík
um frestun bæjarstjórnarkosninga í eru kölluð
"gerræði", (Alpt. 1942 C 31), en engin dæmi
sjást þess, að frv. sé vikið frá eða það látt-
ið óútrætt einungis í því skyni að láta uppi
vanþóknun á ríkisstjórn vegna útgáfu bráða-
birgðalaga. Þvert á móti hefur borið við, að
~~eins konan~~
neðri deild hefur samþykkt rökst. dsk. um, að
hún áliti, að útgáfa brbl. "hafi verið lögmæt
ráðstöfun og heppileg af hendi stjórnarinnar",
(Alpt. 1899 B 1746-1747). Þessi samþykkt, er
gerð var 1899, varð þó ekki að neinu fordæmi
um afgreiðslu slíkra mál, en er þeim mun
eftirtektarverðari, þar sem hún fjallar um
tvenn bráðabirgðalög, og hafði ríkisþingið danska
fellt hin fyrri þar í landi og voru þau síðari
þá sett til að afnema þau einnig hér, ~~síðu~~.
brbl. nr. 10 29. apríl 1898 fyrir Ísland, er
banna dönskum þegnum liðveizlu til handa ríkj-
um, er í ófriði eiga, og brbl. nr. 5. 24. maí
1899 um afnám hinna fyrri.

Nokkur dæmi eru ~~og~~ þess, að bráða-
birgðalög eru formlega samþykkt af Alþingi, þó
að tilefni þeirra sé hjá liðið, þegar þau koma
fyrir þingið, ~~síðu~~. brbl. nr. 38 23. júlí 1934
um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka

síldarbræðslustöð á leigu (Alþt. 1934 B 511 - 512),
brbl. nr. 102 18. júlí 1941 um vátryggingarfélög
fyrir vélbáta (Alþt. 1941 ~~haust~~ B 19 - 20),
brbl. nr. 61 14. maí 1946 um sveitarstjórnarkosn-
ingar (Alþt. 1946 ~~{sumar}~~ B 30 - 33).

~~Al því, sem mið helur varis aðst. rétt. að~~
Avergi finnast dæmi þess, að til áreksturs
hafi komið milli þings og stjórnar út af bráða-
birgðalögum. Yfирgnæfandi meiri hluti þeirra er
beinlínis samþykktur af Alþingi, þau tiltölulega
fáu, sem ~~verða~~ óutrædd, verða það síður en svo
vegna ósamþykks við stjórnina, og um hin örfáu,
sem felld eru, gilda sérstakar ástæður. Alþingi
hefur þess vegna í meðferð sinni á bráðabirgðalög-
um staðfest hina viðtæku beitingu ríkisstjórnarinn-
ar á þessu úrræði.

~~, sem hevur ekki vinnit til,~~
Það er athugunarefni fyrir sig lað gera
grein fyrir hinum mjög ólíku ástæðum, ~~sem~~ færðar
hafa verið fyrir bráðabirgðalögum og hinu marg-
víslegu efni, ~~sem~~ þau hafa fjallað um. Þó að hlut-
lausum athuganda muni efaleust virðast sem þar
hafi ærið oft verið tefti á tæposta vað um það,
hversu nauðsynin hafi verið brýn, er staðreynd,
að Alþingi, sem helzt mætti ætla, að á móti væri
gert, hefur fallist að slíka framkvæmd, og v'erður
nú orðið að telja, að hún sé helguð af venju og
viðtekin sem skýring á þessu stjórnarskráratröpi.
~~ákvæði~~
Ef til málssóknar gegn ráðherra kæmi vegna mis-
notkunar þessarar heimildar, mundi Landsdómi tví-
mælalaust skylt að hafa hliðsjón af þeirri venju,
sem á er komin, og sennilega mun haldast, ef ekk-
ert óvænt ber að, um mjög ~~virkar~~ ^{núna tikkun á heimildum} ~~virkar~~ ^{tísl} utgáfu bráðabirgða-
laga. Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur